

Umsókn

Skv. lögum nr. 54/1990 með áorðnum breytingum skal sækja um leyfi til innflutnings dúfna til Matvælastofnunar sem setur innflutningsskilyrði og fer með eftirlit með innflutningnum.

Eftirfarandi skal koma fram í umsókn:

- Útflutningsland
- Fjöldi dúfna
- Tegundaheiti (undirtegundir) dúfna
- Fyrirhugaður komudagur
- Heimilisfang einangrunaraðstöðu á Íslandi

Eftir að umsókn hefur verið móttækin af Matvælastofnun verða gerða ráðstafanir vegna úttektar á einangrunaraðstöðu.

Sækja skal um leyfi til innflutnings í [þjónustugátt](#) – eyðublað nr. 2.44

Skilyrði

Einangrun í útflutningslandi

- Dúfurnar skulu hafðar í einangrun í 3 vikur (21 dag) áður en þær eru fluttar til Íslands.
- Dúfunum skal haldið í afmörkuðu rými eða dúfnakofa.
- Tryggja skal að úrgangur, fiður, fjaðrir, fóður og vatn berist ekki til einangraðra dúfna frá öðrum fuglum.
- Áður en einangrun hefst skal þrifa og sótthreinsa allan búnað (búr, fóðurskálar og vatnsflöskur).
- Umsjónarmaður/-menn dúfnanna skulu gæta fyllsta hreinlætis við umönnun þeirra. Nota skal einnota hanska og svuntur og þvo og sótthreinsa hendur áður en dúfum er sinnt, þeim fóðrað, búr þriffin o.þ.h. Dúfum í einangrun skal sinnt fyrst allra ef fleiri dúfur eru á svæðinu til þess að minnka líkur á að hugsanleg smitefni berist til einangraðra dúfna.
- Komi upp veikindi í einangruðum dúfum skal kalla til dýralækni. Tilkynna skal Matvælastofnunar um slík veikindi og niðurstöðu sjúkdómsgreiningar.

Einangrun við innflutning til Íslands

Dúfurnar skulu hafðar í einangrun á Íslandi í a.m.k. 4 vikur (28 daga) eftir komuna til landsins. Einangrunaraðstöðu skal tekin út samþykkt af Matvælastofnun áður en dúfurnar eru fluttar til landsins. Einangrun skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1) Lágmarksstærðir búra skulu vera í samræmi við í viðauka II við reglugerð nr. 80/21016 um velferð dýra.
- 2) Einangrunaraðstaða skal vera greinilega afmörkuð og þar skal ekki vera mikill umgangur.
- 3) Ekki má vera samgangur milli dúfna í sóttkví og annarra utanaðkomandi dýra.
- 4) Þeir sem sinna dýrum í heimaeinangrun skulu gæta fyllsta hreinlætis við umönnun fuglanna og skulu m.a. þvo og sótthreinsa hendur eftir alla meðhöndlun dúfna og úrgangs þeirra.
- 5) Saur og annan úrgangur skal setja í tvo plastpoka áður en honum er fargað með öðru sorpi.

- 6) Komi upp veikindi eða slys hjá dúfu í heimaeinangrun skal tilkynna það til Matvælastofnunar svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar.

Heilbrigðis- og upprunavottorð

Í heilbrigðis- og upprunavottorði (eyðublað gefið út af Matvælastofnun) skal eftirfarandi staðfest:

- a. Útflutningsland.
- b. Eigandi (innflytjandi); nafn, kt., heimilisfang, símanúmer og netfang.
- c. Fuglategund og fjöldi. Hver dúfa skal auðkennd með sérstöku númeri.
- d. Smitsjúkdómar. Dúfurnar skulu ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóma.
- e. Sýnatökur (athugið að sýni skulu tekin úr hverjum einstaklingi):
 - i. Salmonella. Í mesta lagi 21 degi fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja viðkomandi dúfu til landsins.
 - ii. Fuglaflensa. Í mesta lagi 21 degi fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á mótetnum gegn fuglaflensu (orthomyxoviridae, avian influenza H5 og H7). Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja viðkomandi dúfu til landsins.
 - iii. Newcastle disease. Í mesta lagi 21 degi fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótetnum gegn Newcastle disease (paramyxoviridae). Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja viðkomandi dúfu til landsins.
 - iv. Paramyxóveirusýking (pigeon/avian paramyxovirus, paPMV-1). Í mesta lagi 21 degi fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótetnum gegn pigeon/avian paramyxovirus, paPMV-1. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja viðkomandi dúfu til landsins.

Að minnsta kosti fimm dögum fyrir áætlaðan innflutningsdag skal senda afrit af heilbrigðis- og upprunavottorði ásamt rannsóknarniðurstöðum til inn- og útflutningsdeild Matvælastofnunar (petimport@mast.is). Ekki má senda dúfurnar af stað frá útflutningslandi þar sem samþykki á gögnum liggur fyrir.

Sjúkdómar og afföll í einangrun

Ef upp koma grunsemdir um smitsjúkdóm hjá dúfum sem haldið er í einangrun (og ef afföll verða) skal taka nauðsynleg sýni til greiningar og framlengja einangrun eftir þörfum uns fullljóst er hvort dúfurnar séu hæfar til innflutnings eður ei. Innflytjandi ber allan kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Kostnaður

Allur kostnaður vegna innflutnings, einangrunar og sóttvarnaráðstafana skal greiddur af innflytjanda. Fyrir eftirlit við innflutning og í einangrun er greitt skv gjaldskrá MAST:

- Eftirlitsgjald að upphæð 50.810 kr vegna útgáfu leyfis og vottorðaskoðunar.
- Úttekt á heimaeinangrun (tíma- og akstursgjald).
- Innflutningseftirlit við komu á Keflavíkurlugvelli (tíma- og akstursgjald).
- Eftirlit / skoðun dýrs í heimaeinangrun fyrir afléttingu einangrunar (tíma- og aksturskjald).
- Skoðun og/eða sýnataka vegna affalla eða veikinda á meðan einangrun stendur.